

## 85. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 8. október 2007 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, formaður, Katrín Pálsdóttir, Katrín Gísladóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, Hrefna Frímannsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, Sesselja Kristinsdóttir, fulltrúi kennara, Ásta Valdís Guðmundsdóttir, fulltrúi leikskólakennara, Steinunn Helgadóttir, foreldraráði GSS, Bjarnís Emilsdóttir, foreldraráði leikskóla og Arna S. Andrésdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Skýrslur skólastjóra.

#### 1.1. Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

- Nú eru 65 börn í leikskólanum í 431,16 dvalarstundum. Í fyrra voru 75 börn í 441 dvalarstund.
- Námskeiðsdagurinn 2. október sl. tókst mjög vel í alla staði. Það voru þrjár fyrirlestrar á þessum degi um mismunandi málefni.
- 14 tvítýngd börn eru í leikskólanum, sem tala 6 tungumál. Það eru um 21,54% barnanna. Fylgst er vel með málþroska þeirra.
- Vetrarstarfið fer vel af stað.
- Leikskólakennarar eru að taka sumarfrí og eins aukafrí og því er álagið meira á því starfsfólki sem er til staðar.
- Foreldrafundir eru núna næstu þrjá daga fyrir hverja deild. Aðalfundur foreldrafélagsins er búinn að vera.
- Skóladagatali leikskóla 2007-2008 dreift.

Formaður spurði hvaða sex tungumál þetta eru sem töluð eru af börnunum sem eru tvítýngd. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.

Formaður spurði nánar út í námskeiðsdaginn. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

#### 1.2. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

- Nemendur: Í mörgum bekkjardeildum er enn laust pláss. Nemendastarfið fer vel af stað. Heilsdagsskólinn er orðinn mjög fjölmennur, ekki hægt að bæta mikið við en stjórnendur hafa ekki þurft til þessa að hafna umsókn. Fyrirspurn kom fram um fylgd nemenda í æfingatíma t.d. hjá Snæfelli en ekki hefur verið hægt að verða við þessu eins og í fyrra.

- Stjórn foreldrafélags GSS: Stjórnin er klár, hópurinn samanstendur af 20 manns. Tveir fulltrúar frá hverjum bekk, frá 1. - 10. bekk.
- Foreldraráð: Smá breyting, 2 nýir fulltrúar, Anna Melsteð og Sævar Harðarðson munu koma ný inn á fund með skólastjóra í næstu viku. Fólk situr í 2 ár í senn.
- Brunaæfing GSS: Skólastjóri greindi frá nýjungum sem tengjast brunavörnum. Vasar munu hanga uppi í hverri stofu sem innihalda nöfn nemenda í hverjum bekk fyrir sig, kennari grípur þennan lista með sér komi til að þurfa að rýma skólann.
- Símenntun skólanna á Nesinu: Grunnskólarnir á Snæfellsnesinu eru að vinna að sameiginlegri símenntunaráætlunar.
- Styrkur frá Menningarráði Vesturlands: GSS fékk 1.000.000 kr styrk á síðasta skólaári, miðast við að hann verði notaður fyrir áramótin 2007-2008. Skólastjóri hefur sótt um frestun á styrknum þeirra svo skólinn sé ekki að vinna í kappi við leikfélagið Grímni. Gott samstarf er á milli GSS og Grímnis, margir nemendur eru nú á fullu í leikritinu sem Grímnir er að fara að setja upp. Skólastjóri hefur ekki ennþá fengið svar.
- Comeníusarverkefni GSS: Skólastjóri fjallaði um þetta verkefni svo tók Sesselja við og greindi frá ferð sem hún er nýlega komin úr sem tengist þessu verkefni. Þetta var í 4. skipti sem hópurinn hittist og í þetta skipti hittust þau í Póllandi.
- Samræmdu prófin í 4. og 7. bekk verða 17. og 18. október n.k.: Verið er að undirbúa þetta námsmat.
- Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2008 er hafinn.

Formaður lýsti ánægju sinni yfir Comeníusarverkefninu.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra

Fyrirspurn kom fram um leiklistina. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.

Fyrirspurn kom fram um styrkinn sem GSS fékk vegna leiklistar. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.

Fyrirspurn kom fram um fljótandi tíma. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.

Fyrirspurn kom fram í sambandi við Davis tækni. Sesselja svaraði fyrirspurninni.

## **2. Endurmenntun Grunn- og leikskólakennara.**

Sigrún dreifði og fór í gegnum áætlun starfsmanna leikskólans um símenntun árið 2007-2008.

- Fjöldi námskeiða í boði. Kennarar velja sér námskeið eftir því sem þeir hafa áhuga á, sum námskeið fara allir á.

- Ekki bundið í samningum leikskólakennara né annarra starfsmanna leikskóla að sækja svona námskeið.

Gunnar greindi frá því að símenntunaráætlunin væri í vinnslu og að um leið og hún yrði tilbúin myndi hann dreifa henni.

Fyrirspurn kom fram í sambandi við símenntun leik- og grunnskólakennara. Skólastjórar svöruðu fyrirspurninni.

Skólastjóri leikskóla vék af fundi kl. 18.

Formaður spurði út í brunaæfingu hjá leikskólanum, Ásta Valdís svaraði fyrirspurninni.

Formaður spurði skólastjóra grunnskólans út í notkun á mentor. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.

Fyrirspurn kom fram um skóladagatal GSS fyrir skólaárið 2007-2008. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.

Steinunn vék af fundi kl. 18.10.

### **3. Önnur mál.**

Formaður las upp bréf frá Menntamálaráðuneyti varðandi sérúrræði fyrir lesblinda nemendur á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk haustið 2007.

Formaður las upp bréf varðandi niðurgreiðslu á skólamáltíðum. Skólamátíðir eru ekki niðurgreiddar af hálfu bæjarfélagsins.

Skólastjóri grunnskóla ræddi um starfsdeildina sem er í býgerð við grunnskólann.

Fyrirspurn kom fram í sambandi við ferð starfsmanna grunnskólans til Minneapolis. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.

Fyrirspurn kom fram í sambandi við vettvangsferðir t.d. menningarferð og kostnað þeirra. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.35.

Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari.